# Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2021

## NÁSS1FN05

| | |
|---|---|
| **Kennari** | **Ásta Birna Ólafsdóttir** asta.olafsdóttir@fss.is |
| **Viðtalstími** | Miðvikudagar 13:00-13:30 og eftir samkomulagi |
| **Kennsluefni** | Efni frá kennara og efni úr öðrum áföngum |
| **Áfangalýsing** | Áhersla er á að kenna vinnulag í námi, námstækni, utanumhald, meðferð og frágang námsgagna. Farið verður yfir þætti sem snúa að líðan í skóla, heimavinnu, undirbúningi fyrir próf. Veitt verður aðstoð með samskipti við aðra kennara skólans í utan brauta ráföngum. |

**Þekking**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Námsleiðum innan framhaldsskólans.
- Námstækni
- Eigin styrkleikum og áskorunum í náminu.

**Leikni**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skoða námsframboð og námsleiðir

**Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Velja sér og ástunda námsleið við hæfi
- Nýta sér árangursríka námstækni
- Finna öryggi í því að hafa greiðan aðgang að kennurum
- Hafa aðgang að kennara/kennslustofu innan skólans.
- Skipuleggja og undirbúa próflestur og glósutækni
- Efla tímastjórnun og almennt skipulag

| | |
|---|---|
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Ekkert lokapróf er í áfanganum. Nemendur eiga að mæta í alla þær kennslustundir sem þeir eru með skráðar í sinni töflu. Nemendur fá S (staðið) eða F (fallið) í einkunn fyrir áfangann og einkunnin ræðst af ástundun og virkni. |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Mikilvægt er að leggja sig fram í þessum tímum sem og öðrum og nýta tímana vel fyrir undirbúning, samskipti og heimanám. |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | Mikilvægt er að vera jákvæður og taka eitt skref í einu þar til lokamarkmiðinu er náð. |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Ásta Birna Ólafsdóttir*